

STJÓRNARTÍÐINDI B 13 – 2000

20. janúar 2000

179

Nr. 36

AUGLÝSING

**um skrá Seltjarnarneskaupstaðar skv. 2. mgr. 19. gr.
laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.**

Skrá yfir þá sem falla undir 5.-8. tl. 19. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna:

Bæjarritari	1 staða
Hitaveitustjóri	1 staða
Deildarstjóri launadeildar	1 staða
Æskulýðs- og íþróttafulltrúi	1 staða
Félagsmálastjóri	1 staða
Forstöðumaður íbúða aldraðra	1 staða
Leikskólafulltrúi	1 staða
Grunnskólafulltrúi	1 staða

Seltjarnarnesi, 20. janúar 2000.

Sigurgeir Sigurðsson bæjarstjóri.

18. janúar 2000

Nr. 37

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Laugabólslandi í Mosfellsdal, Mosfellsbæ.

Bæjarráð Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag í Laugabólslandi í Mosfellsdal, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 8. júlí 1999.

Skipulagið nær til lands sem afmarkast af Suðurá að sunnan og vestan, af Þingvallavegi að norðan og veltengingu að Æsustöðum að austan. Á landinu er gert ráð fyrir blandaðri byggð landbúnaðarsvæðis og íbúðarsvæðis í samræmi við ákvæði aðalskipulags.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Mosfellsbæ, 18. janúar 2000.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.